

**Ed.**

**1012. Nefndarálit**

[433. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess á grundvelli kaupsamnings um fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins milli ríkisstjórnar Íslands og Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda sem dagsettur er 29. júlí 1986. Á fund nefndarinnar komu Magnús Sigurðsson, formaður Samtaka íslenskra matjurtaframleiðenda, Árni Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður og Guðmundur Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneytinu og lögðu þeir áherslu á að þessi heimild yrði lögfest á því þingi sem nú situr. Jafnframt hefur nefndinni borist ályktun aðalfundar Landssambands kartöflubænda frá 1. maí sl. sem skorar á Alþingi að endurnýja heimild til fjármálaráðherra til að staðfesta kaupsamninginn.

Alþingi, 4. maí 1988.

Halldór Blöndal,  
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,  
fundaskr.

Valgerður Sverrisdóttir.

Eiður Guðnason.

Svarar Gestsson.

Jóhann Einvarðsson.